Form og lína

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Sýning á nýjum verkum **Kristjáns Guðmundssonar** er fyrsta framkvæmd nýs skipulags á sýningahaldi Kjarvalsstaða, sem listráðunautur þeirra, Gunnar B. Kvaran, er höfundur að.

Er hér um að ræða, að einstökum listamönnum er boðið sérstaklega að sýna, þeim að kostnaðarlausu, en mjög er vandað til sýninganna og kynningar þeirra, svo sem kemur fram í óvenju veglegri sýningarskrá að þessu sinni.

Slíkar sýningarskrár hefur enginn venjulegur myndlistarmaður efni á að láta gera um einstakar sýningar sínar hér á landi, en um leið eru þær einstakt kynningarrit fyrir viðkomandi listamann. Fyrirkomulagið horfir því til framfara, svo fremi sem rétt verður á málum haldið, en kannski má minna á, að hér er um opinbera listmiðlun að ræða, þar sem Kjarvalsstaðir eru, en ekki alfarið kynningu einkaviðhorfa.

En hvað sem slíkum vangaveltum líður, þá má bóka það, að Kristján er vel að heiðrinum kominn, þótt vafamál sé, að rétt hafi verið að ríða á vaðið með jafn tormeltri sýningu, hvað almenning áhrærir. Það er nú einmitt almenningur, sem heldur uppi listsköpun á Íslandi í stórum ríkari mæli en annars staðar þekkist og kannski væri ekki úr vegi að taka svolítið tillit til þess. Á ég hér að sjálfsögðu við þann hluta almennings, sem ratar á sýningar og festir sér myndverk — jafnvel hin framúrstefnulegustu.


Afar mikilvægt verður að teljast, að slík framkvæmd hljóti góðar undirtektir og aðsókn frá upphafi, því að öllu erfiðara er að byggja slíkt upp seinna, takist það ekki strax.

Kristján Guðmundssn er, svo sem margur veit, einn þekktasti fulltrúi hugmyndafræðilegrar listar hérlendis og vafalítið rökfimasti talsmaður listastefnunnar, svo sem ágæt viðtöl við hann eru til vitnis um og þá einkum langt og mikið viðtal í tímaritinu Teningi fyrir u.þ.b. 1-2 árum, sem gjarnan hefði mátt birta útdrátt úr í sýningarská. Það er einmitt falinn heilmikill fróðleikur í því, sem slíkir segja um eigin list.

Sýningi sjálf og viðhorfin að baki eru annars nákvæmlega skilgreind og útskýrð í formála sýningarskrár af Gunnari B. Kvaran og ber að vísa áhugasömum til þeirrar ritsmíðar.

Vafalítið mun það koma ýmsum spánskt fyrir sjónir að nefna öll þessi formrænu heilabrot, sem eiga uppruna sinn í byggingarfræðilegum tilraunum manna eins og Vladimars Tatlins ásamt fjölþættum leik með tíma og rými í listinni, rétt og slétt „Teikningar/Drawings“. Og þó mun það rétt að nokkru leyti samkvæmt skilgreiningu enska orðsins drawing — að draga — en margar myndanna eru vissulega línuþyrping dreginna lína, en þó á nokkuð annarri forsendu en venjulega er gert, og margt hefur ekkert með dregnar línur að gera og líkist fremur uppsetningu hluta í ákveðnu rými. Hér er oft meir um hugsðar línur og útlínur að ræða en t.d. dregnar línur og þannig mætti gefa athöfnunum skilmerkilegra nafn. Og svo telst teikning ekki einu sinni kórrétt þýðing á orðinu drawings, a.m.k. ekki orðrétt, því að teikning er meira í ætt við tákn en t.d. að draga línu.

Annars er það hálf klént að þurfa að koma með slíkar vangaveltur um sýningar, en hjá því verður ekki komist í sumum tilvikum. Sjálf sýningin er mjög stílhrein og form-



Kristján Guðmundsson

in fá jafnvel fagurfræðilega merkingu í einfaldleika sínum og hnitmiðaðri uppsetningu, þótt hið opna gímald Vestursalarins ljái ekki einstökum verkum þann yndisþokka, sem minni og stílhreinni salir gera, t.d. þeir í Sveaborg, sem svo fagurlega undirstrikuðu byggingarfræðilegt inntak athafnanna.

Óhætt er að fullyrða, að sýningin sem slík sé hvalreki fyrir aðdáendur og forsvarsmenn „konzeptsins“, hugmyndafræðilegu listarinnar og vissulega er hún í efri flokki slíkra framkvæmda.

TÁKN OG FINNGÁLKN

Í austursal Kjarvalsstaða sýnir fram til 12. febrúar **Halldór Ásgeirsson** 17 myndverk, að viðbættum fimm í austurforsal. Halldór nam við myndlistardeild Parísarháskóla nr. 8, á árunum 1977—80 og 1983—86 og dvaldi í Austurlöndum fjær veturinn 1976—77 og í Mexíkó 1982—83.

Þetta er all óvenjulegur námsferill nú á tímum, enda draga myndir Halldórs dám af honum og einkum fyrir áhrif frá ýmsum táknum og furðuverum í list Austurlanda og Mexíkó svo og litameðferð listamanna Parísarskólans svo sem Valerio Adami ásamt sterkum, litríkum andstæðum í list Austurlanda og indíána.

Annars er skilmerkilegast að vísa til fréttatilkynningar, þar sem segir „að myndlist Halldórs byggist á sjónrænu hugarflæði sem hann skráir ósjálfrátt niður. Efniviðurinn er tekinn úr umhverfi og lífsreynslu höfundarins hverju sinni (svo sem vera ber) og eru m.a. ferðalög ríkur þáttur í hinni sjónrænu upplifun hvort sem auga og penni ferðist um óbyggðir Íslands eða sigli upp ána Níl. — Þegar kemur að úrvinnslu hugmyndanna, staldrar Halldór við, ígrundar efni og form gaumgæfilega, þar til teikningarnar, sem hann skeytir saman á ólíkan hátt, falla inn í efnið. Verkin eru máluð á pappír eða léreft, skorin út eða höggvin í tré, þar finnast bein og sviðin hurð, svart flauel og brotin gler o.fl. Sum myndverkin eru samsett úr ólíkum efnum og spanna bæði vegg og gólf. Sögusmiðurinn er mættur í salinn þakinn myndum og frásögnum úr undirheimum, þetta eru hugarbrot og örstutt ljóð úr draumi og veruleika sem áhorfendum ber að túlka að eigin vild.“ Þó að myndverkin í austursal séu einungis 17 að tölu, þá gera þau meira en að fylla salinn vegna fjölda eininga einstakra verka og stærðar annarra, þannig að á stundum er þröngt á þingi. Halldór hefur bersýnilega verið mjög afkastamikill og atorkusamur á vettvangi sýninga og gjörninga ýmiss konar, frá því að hann kom fyrst fram uppúr 1980, en þetta mun vera stærsta sýning hans, ef ég veit rétt.

Mjög óvenjuleg sýning, sem dregur dám af ferðalögum hans og áhrifum víða að, sem skiljanlegt er, en þó enn sem komið er minnstum frá Íslandi að því er séð verður.

Hér er bersýnilega um úrvinnslu ótal hugmynda að ræða, sem Halldór hefur orðið fyrir á undanförnum árum og honum virðist liggja mikið á hjarta, svo sem margbrotin úrvinnsla hugmyndanna ber með sér. Innstæðan í hugmyndabankanum virðist á köflum vera svo mikil, að hún verði höfundinum hreinlega ofviða, enn sem komið

Íslenskt mál

Umsjónarmaður Gísli Jónsson — 473. þáttur

Friður er fagurt orð sem ekki ætti að misnota. Frummerking þess er ást, vinátta. Í **Hávamálum** er talað um **frið** kvenna=ást þeirra.

Samsvarandi sögn var **fría** sem breyttist í **frjá** með **samdrætti.** Hún þýddi að elska. Lýsingarháttur nútíðar var **fríandi**, en það breyttist í **frændi** sem fyrrmeir merkti vinur, síðar skyldmenni. Menn hafa ekki alltaf hugsað sér að „frændur væru frændum verstir“.

Af sama stofni er forskeytið **frí**, eins og t.d. í **frí-hals** sem átti eftir að breytast í **frjáls**, sbr. **frelsi.** Það er gott andyrði við helsi=hálsband og síðar fjötur í víðari merkingu, eða ófrelsi. **Fjötur** er reyndar dregið með u-klofningu af **fet** og merkir því upphaflega **fótband.**

Gyðja ástar og hjúskapar var **Frigg**=sú sem ann eða er unnað (eða hvort tveggja), en þótt **Freyja** væri ekki síður ástargyðja og frjósemdar, var nafn hennar af öðrum uppruna og merkti sú sem ræður, sbr. **húsfreyja. Freyr** þýddi upphaflega herra eða drottinn, á gotnesku **frauja.**

Elskulegur og síðar laglegur maður kallast **friður. Friður** var líka enn eitt ásynjuheitið í sömu merkingu og **Frigg.** Ástmærin nefndist **friðla**, seinna **frilla** (la er smækkunar- eða gæluending) og elskhuginn **friðill.** Nú er títt að hafa þessi orð um ástir í meinum. Elskendur heita einstöku sinnum **friðgin.**

Lengra í burtu grillir í orðin **frygð**=gleði, ást, losti, og **frýnn** og **frýnilegur**=álitlegur, elskulegur. Í gamalli barnagælu er stúlkan litla beðin að vera **frýn** við afa sinn.

Óteljandi nöfn karla og kvenna hafa **frið, fríð, freð** að forlið eða viðlið, svo sem **Friðgerður, Hallfríður** og **Sigfreður.** Þessir nafnliðir tákna ást eða vernd, og er þá skammt yfir í hina yngri merkingu **friðarins.** Þá er orðið andyrði við stríð, eða það táknar kyrrð og ró. Í orðabók Johans Fritzners er friður þýtt á dönsku: „1) Kærlighed, 2) Fred mellem Personer og Lande, saa og den Sikkerhed som en har for sin Person mod saadant Overfald, der kan komme ham til Skade paa Liv og Lemmer.“

Segi menn svo að skilgreiningar geti ekki verið skemmtilegar.

★

Verkin mín öll og vinnulag
velþóknun hjá þér finni,
en vonskan sú, sem vann ég í dag,
veri gleymd miskunn þinni.

Vertu yfir og allt um kring
með eilífri blessun þinni.
Sitji guðs englar saman í hring
sænginni yfir minni.

(Sigurður Jónsson á Presthólum (um 1590—1661): Úr kvöldsálmi.)

★

Salómon Einarsson í Kópavogi skrifar svo:

„Í 466. þætti spyrð þú: Hvers kyns er orðið **jólaglögg** og hvernig beygist það?

Þetta mun vera nýlegt orð í málinu og ekki komin teljandi venja á það. Mér skilst að tvennt geti komið til greina: Kvenkynsorð, sem beygist þá eins og t.d. **lögg** (það er ekki eftir nema **lögg** í flöskunni. Kannski ég þiggi **kaffilögg**). Eða þá, og það tel ég betra, og best að orðið festist í málinu sem hvorugkynsnafnorð. Myndi þá beygjast eins og t.d. **högg:**

Jólaglögg — jólaglöggið
jólaglögg — jólaglöggið
jólaglöggi — jólaglögginu
jólaglöggs — jólaglöggsins.

Eins og ég nefndi fyrr, mun ekki vera komin nein málhefð á orðið. Nýtt dæmi þess er í Mbl. hjá **Velvakanda** 22. þ.m. [des.]. Þar er smágrein og er fyrirsögnin: **Jólaglögg þarf ekki að vera áfeng.** Hér er orðið í kvenkyni. Nokkrum orðum síðar, „að menn drekki saman svonefnt jólaglögg“. Enn örlitlu seinna, „að hafa jafnan á boðstólum óáfengt jólaglögg“. Í síðari dæmunum tveim er orðið hvorugkyns. Þetta sýnir hve mjög er á reiki hvort kynið notað er.

Af því að ég notaði áðan orðið **högg**, kom mér í hug gömul vísa. Set hana hér til gamans. Þetta er lýsing á afkastalitlum iðnaðarmanni:

Hægt lætur höggin falla,
hægt dregur lúku úr vösum.
Hægt vaxa hár á skalla.
Hægt lekur dropi úr nösum.“

★

Þakkir færi ég Salómon fyrir þetta bréf. Það staðfestir rækilega að kyn orðsins jólaglögg er reikult, eins og umsjónarmaður hefur heyrt á tali manna og lesið í blöðum. Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli segir stutt og laggott: „Ekki kann ég að kyngreina jólaglögg en í framkvæmd fylgi ég **Tímanum** og hef sullið í hvorugkyni.“

Halldór hafði fleira að segja sem síðar kemur fram.

★

Auk þess er þess að geta, að **æður**=æðarfugl, er kvenkyns (beygist eins og **Hildur**), en ekki karlkyns eins og í sjónvarpinu.

P.s.

Síðasti þáttur var ekki alveg prentvillulaus. Lakast var að **Fljótshlíðarhreppur** breyttist í „Fljótsdalshlíðarhreppur“ og **kunnustu** í „kunnugustu“, þegar sagt var frá rímnapersónunni **Ármanni.** Beðist er afsökunar vegna þessa.

Til sölu í Grafarvogi

sem er einn verðursælasti staðurinn í borginni 4ra-5 herb. íb. með stórum suðursvölum og bílskúr. Íb. seljast fullbúnar. Upplýsingar í síma 31104.

Örn Ísebarn, byggingameistari.

21150 - 21370 LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI LÁRUS BJARNASON HDL. LÖGG. FASTEIGNASALI

Til sýnis og sölu m.a. eigna:

Ný úrvals íbúð – bílhýsi

3ja herb. íbúð í lyftuhúsi við Austurströnd á 4. hæð rúmir 80 fm nettó. Allar innréttingar og búnaður að bestu gerð. **Stórar** svalir. **Mikið** útsýni. Langtímalán. Frágangur á sameign fylgir í kaupunum.

Í Vesturbænum í Kópavogi

Neðri hæð í tvíbhúsi 3ja herb. 92,7 fm auk sólst. Hiti og inng. sér. **Mikið** endurb. Hálfur kj. fylgir. Húsið er reisul. timburh., álklætt. Stór ræktuð lóð. Bílskréttur. Verð kr. 4,3 millj.

4ra herb. íb. við:

Ljósheima 7. hæð 103 fm. Lyftuhús. Sérinng. Hentar fötluðum.
Álfheima 4. hæð 107,4 fm. Mikið endurn. Gott kjherb.
Bugðulæk 3. hæð. Þakhæð um 100 fm. Töluv. endurn. Sólsv. Fjórb.

Glæsileg eign í Garðabæ

Nýl. steinhús rúmir 300 fm á stórri glæsil. hornlóð. Öll tæki og allur búnaður hússins er mjög góður. **Óvenju** góð kjör. Teikn. og nánari uppl. á skrifst.

Í lyftuhúsi við Þangbakka

úrvalsíb. 2ja herb. á 2. hæð 62 fm. Ágæt sameign. **Vinsæll** staður.

Góð eign á stórri lóð

Steinhús í Garðabæ. Húsið getur verið tvær íb. **Góður bílsk. um 45 fm.** Eignarlóð um 5000 fm. **Ýmiskonar eignaskipti mögul.** Nánari uppl. aðeins **á skrifst.**

Steinhús – tvær íbúðir

á vinsælum stað í Vogunum um 90 fm efri hæð með 3ja-4ra herb. íb. Neðri hæð með 4ra herb. íb. 113 fm. Kj. með innb. bílsk., vinnupl. og rúmg. geymslum fylgir neðri hæðinni. Eignin er mikið endurbyggð. Góð lán fylgja.

Opið í dag laugardag kl. 10.00-16.00. Fjöldi fjársterkra kaupenda.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370